

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 4. júní 2021.

Mál nr. 486/2020:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

(Leifur Runólfsson réttargæslumaður)

Lykilorð

Líkamsárás. Barnaverndarlagabrot. Heimfærsla. Sönnun. Skilorð. Miskabætur. Áfrýjun. Einkaréttarkrafa. Sératkvæði.

Útdráttur

X var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með því að hafa veist að stjúpssyni sínum, A, og tekið hann kverkataki. Ekki var talið sannað að kverkatakið hefði haft þær afleiðingar að A hefði ekki náð andanum þar til móðir hans, B, stöðvaði X. Í dómi héraðsdóms var brot X, eins og því er lýst í ákæru, talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og fyrrnefnd ákvæði barnaverndarlaga. Í dómi Landsréttar kom fram að ákært væri fyrir eitt atvik og ákærvaldið hefði ekkert fært fram um að verknaðurinn hefði á alvarlegan hátt ógnað heilsu eða velferð brotþola. Verknaðurinn yrði því ekki heimfærður undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga en ætti undir 1. mgr. 217. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar var litið til 1. og 3. tölulíðar 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og X gert að sæta fangelsi í tvo mánuði skilorðsbundið til tveggja ára. Þá var hann dæmdur til að greiða A 400.000 krónur í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Eiríkur Jónsson og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 23. júní 2020 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 2020 í málinu nr. S-[...]/2019.
- 2 Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

- 3 Ákærði krefst aðallega sýknu og að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði þess að refsing hans verði milduð og að fjárhæð einkaréttarkröfu verði lækkuð.
- 4 Af hálfu brotþola er þess aðallega krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 1.000.000 króna í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. nóvember 2018 til 22. september 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms um greiðslu miskabóta.
- 5 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar upptökur af skýrslu ákærða, brotþola og móður brotþola fyrir héraðsdómi.

Málsatvik

- 6 Í málinu er ákærða gefið að sök brot í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa sunnudaginn 17. nóvember 2018, á heimili sínu, veist með ofbeldi að stjúpssyni sínum, A, sem þá var 7 ára að aldri, og tekið hann hálstaki með þeim afleiðingum að A náði ekki andanum uns móðir A, B, stöðvaði hann. Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 218. gr. b og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 7 Í hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur og brotið talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ákærði var hins vegar sýknaður af broti gegn 233. gr. b almennra hegningarlaga. Ákæruvaldið unir hinum áfrýjaða dómi og því kemur sýkna ákærða af broti gegn 233. gr. b almennra hegningarlaga ekki til endurskoðunar.

Niðurstaða

- 8 Í skýrslu brotþola fyrir héraðsdómi bar hann að ákærði hefði verið „að kyrkja“ sig. Nánar spurður hvernig hann hefði kyrkt hann lýsti brotþoli því að ákærði hefði notað eina hönd og haldið með henni um hálsinn á sér. Spurður hvort það hafi verið fast eða laust svaraði brotþoli: „Fast en ég get ekki andað.“ Spurður hversu lengi ákærði hefði haldið um hálsinn sagði brotþoli „bara stutt“ og sagðist hafa reynt að kalla í móður sína, hann hefði gert læti og öskrað og þá hefði mamma hans heyrð í honum og komið. Móðir brotþola lýsti því fyrir héraðsdómi að hún hefði heyrð einhver öskur og hlaupið inn í eldhús þar sem ákærði hefði verið að öskra á brotþola og haldið utan um hálsinn á honum með báðum höndum. Hún hafi reynt að tosa ákærða af brotþola en það hafi ekki tekist strax. Brotþoli hefði ekki gefið frá sér hljóð, heldur haldið um hendur ákærða og reynt að losa sig. Þetta hafi staðið yfir í kannski sex til átta sekúndur. Móðir brotþola bar jafnframt að hún hefði, eftir að hún var farin út af heimilinu þennan morgun, beðið vin ákærða, D, að fara og athuga með eldri dætur sem voru á heimilinu. D bar fyrir héraðsdómi að móðir brotþola hefði hringt í sig og sagt að ákærði hefði tekið brotþola hálstaki. Þá bar C, móðurbróðir brotþola sem bjó á heimilinu er atvik gerðust, að móðir brotþola hefði sagt sér að ákærði hefði misst sig og rifið í brotþola

í kringum háls og kverkar. Hann bar jafnframt að D hefði komið á heimilið umræddan dag til að „tækka á ástandinu“. Þá lýsti hann því að ákærði hefði verið í mjög annarlegu ástandi á þessum tíma. Ákærði hefur frá upphafi neitað þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök. Fyrir héraðsdómi kvað hann rifrildi hafa átt sér stað nefnt sinn en hann myndi ekki nákvæmlega hvernig. Ekkert ofbeldi hefði átt sér stað. Vímuefnaneysla hefði verið á heimilinu á þessum tíma.

- 9 Framburður brotþola fyrir dómi er trúverðugur og fær stuðning í framburði þeirra vitna sem að framan greinir, einkum móður brotþola, en fallast verður á það með héraðsdómi að skýringar ákærða á ástæðum vitnisburðar hennar séu ótrúverðugar. Telst þannig sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi tekið brotþola kverkataki nefnt sinn. Á hinn bóginn verður ekki talið sannað, sem greinir í ákæru, að kverkatakið hafi haft þær afleiðingar að brotþoli hafi ekki náð andanum þar til móðir hans stöðvaði ákærða. Um það liggur ekkert fyrir nema að brotþoli nefndi einu sinni í framburði sínum „ég get ekki andað“ en tók jafnframt fram að hann hefði öskrað og gert læti uns móðir hans kom. Þá liggja engin gögn fyrir um áverka af kverkatakinu eða nokkur önnur gögn, sem styðja að það hafi haft fyrrnefndar afleiðingar, en vitnum ber saman um að það hafi varað stutt.
- 10 Samkvæmt framansögðu telst sannað að ákærði hafi tekið brotþola kverkataki nefnt sinn. Líkt og fram kemur í lögskýringargögnum með 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga er ákvæðinu fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefur yfir í lengri eða skemmri tíma þótt því verði jafnframt beitt um einstök alvarleg tilvik. Við mat á því hvort einstök tilvik nái því alvarleikastigi sem til þarf, svo að þau verði felld undir ákvæðið, má hafa hliðsjón af 2. og 3. málslíð 2. mgr. 218. gr. b. Í málinu er ákært fyrir eitt atvik og ákærvaldið hefur ekkert fært fram um að verknaðurinn hafi á alvarlegan hátt ógnað heilsu eða velferð brotþola. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af dómaframkvæmd, til dæmis dómum Landsréttar 7. júní 2019 í máli nr. 616/2018 og 18. júní 2020 í máli nr. 196/2019, verður fyrrgreind háttsemi ákærða ekki heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Hins vegar á hún undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem vörnum ákærða varð í engu áfátt, þótt háttsemi hans hafi í ákæru verið talin varða við annað hegningarlagaákvæði, ber að sakfella hann fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. laganna. Þá verður hann jafnframt sakfelldur fyrir brot gegn 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 11 Með hliðsjón af 1. og 3. tölulíð 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sem og dómi Landsréttar 7. júní 2019 í máli nr. 616/2018, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.
- 12 Að gengnum héraðsdómi 11. júní 2020 tilkynnti ákærði ríkissaksóknara um áfrýjun dómsins. Í tilkynningunni sagði að héraðsdómi væri áfrýjað í því skyni að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og tekið fram að áfrýjun væri reist á a-, b- og c-lið 196. gr. laga nr. 88/2008 en þessir stafliðir eru í 1. mgr. greinarinnar. Í tilkynningunni

var þess á hinn bóginn ekki getið að leitað væri endurskoðunar á einkaréttarkröfu samkvæmt XXVI. kafla laganna sem dæmd hefði verið að efni til í héraði, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Samkvæmt 2. mgr. 199. gr. laganna var það nauðsynlegt skilyrði þess að um hana yrði fjallað hér fyrir dómi að í tilkynningunni væri tekið nákvæmlega fram í hvaða skyni áfrýjað væri og hverjar dómkröfur ákærða væru varðandi kröfur samkvæmt XXVI. kafla laganna. Af þessum sökum kemur krafa ákærða um endurskoðun á dæmdri einkaréttarkröfu í héraði ekki til úrlausnar fyrir Landsrétti nema að því leyti sem réttinum er skylt að taka afstöðu til hennar án kröfu, sbr. dóma Hæstaréttar 27. október 2016 í máli nr. 400/2016 og 24. janúar 2008 í máli nr. 453/2007. Á hinn bóginn kemur krafa brotþola um hækkun einkaréttarkröfunnar, það er um sömu fjárhæð og krafist var í héraðsdómi, sem fram kom í greinargerð brotþola til Landsréttar, til úrlausnar réttarins, sbr. dóm Hæstaréttar 27. október 2016 í máli nr. 400/2016.

- 13 Að því gættu sem að framan er rakið verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um refsíákvörðun og einkaréttarkröfu. Þá verða ákvæði hans um upptöku og sakarkostnað staðfest.
- 14 Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðra réttargæslumanna brotþola sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir, en brotþola var skipaður nýr réttargæslumaður undir meðförum málsins fyrir Landsrétti.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 1.206.840 krónur, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns, 706.800 krónur, og þóknun réttargæslumanna brotþola, Leifs Runólfssonar lögmanns, 188.480 krónur og Sögu Ýrar Jónsdóttur lögmanns, 282.720 krónur.

Sératkvæði

Símonar Sigvaldasonar

- 1 Ákærða er gefið að sök að hafa veist með ofbeldi að stjúpsyni sínum, sem þá var 7 ára að aldri, og tekið hann hálstaki með þeim afleiðingum að brotþolinna náði ekki andanum uns móðir brotþola stöðvaði ákærða. Er brot ákærða fyrir Landsrétti talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fyrir Landsrétti kom fram að við það væri miðað að ákærði hafi tekið brotþola kverkataki umrætt sinn, en ekki hálstaki svo sem í

ákæru væri miðað við. Ég tel að ónákvæmni um þetta atriði komi ekki að sök við úrlausn málsins, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

2. Ég er sammála niðurstöðu meirihluta dómsins um að staðfesta sakfellingu ákærða fyrir líkamsárás. Í athugasemdum með 1. mgr. 218. gr. b í frumvarpi sem varð að lögum nr. 23/2016 um breytingu á almennum hegningarlögum segir að ákvæðinu sé fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hafi yfir í lengri eða skemmri tíma. Þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Við mat á grófleika og þar með hvort brot sé stórfellt skuli sérstaklega litið til þess hvort stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hafi hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.
3. Þegar ákærði veittist að brotþola var brotþoli einungis 7 ára að aldri. Þó svo að kverkatakið hafi ekki varað lengi var það engu að síður einkar hættulegt, þar sem stórar slagæðar eru þar undir húð með blóðstreymi til höfuðs og heila. Ákærði nýtti sér yfirburðastöðu sína inni á heimili brotþola og var ekkert jafnræði með aðilum. Var brotið framið á meiðandi hátt. Ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga er öðrum þræði ætlað að auka vernd barna og ungmenna. Á meðal gagna málsins eru upplýsingar frá skóla brotþola sem meðal annars sýna að brotþola hefur vegnað mun verr í skóla eftir umrætt atvik. Með vísan til þessa tel ég að heimfæra eigi sakfellinguna undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.
4. Við munnlegan flutning málsins fyrir Landsrétti var málið meðal annars flutt með tilliti til þess hvort 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga tæmdi sök gagnvart ákvæðum 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Dómvenja hefur verið fyrir því að beita nefndum ákvæðum barnaverndarlaga samhliða sakfellingu fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæðum 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga er einkum ætlað að vernda hagsmuni fjölskyldna gagnvart hvers konar líkamlegu og andlegu ofbeldi. Vega hagsmunir barna þar sérstaklega þungt. Í áðurgreindum athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 23/2016 sagði að lagt væri til að tekið yrði upp sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög sem fjallaði um ofbeldisbrot í nánnum samböndum þar sem áhersla væri lögð á það ógnarástand sem sú tegund ofbeldis gæti skapað og þá langvarandi andlegu þjáningu sem því gæti fylgt. Hefði ákvæðið það að markmiði að tryggja þeim sem þyrfti að þola alvarlegt eða endurtekið ofbeldi af hálfu nákominna meiri og beinskeyttari réttarvernd en gildandi refsilöggjöf gerði.
5. Ákvæðum barnaverndarlaga er öðrum þræði ætlað að vernda sömu hagsmuni en samkvæmt 2. gr. barnaverndarlaga er markmið þeirra laga að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu, fái nauðsynlega aðstoð. Þegar þeir verndarhagsmunir sem að baki ákvæðum 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og barnaverndarlaga eru virtir tel ég að við það eigi að

miða að hin sérgreindu ákvæði almennra hegningarlaga tæmi sök gagnvart ákvæðum barnaverndarlaga. Verði háttsemi ákærða því ekki jafnframt heimfærð undir 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

- 6 Ég tel að refsing ákærða eigi að vera fangelsi í 5 mánuði sem verði bundið skilorði. Þá tel ég að hækka eigi miskabætur til brotþola upp í 600.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 11. júní 2020

Árið 2020, fimmtudaginn 11. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S- [...] /2019: Ákærvaldið gegn X, en málið var dómtekið 22. f.m.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 19. nóvember 2019, á hendur:

„X, kt. [...],
[...], Reykjavík,

Fyrir eftirgreind hegningar- barnaverndar- og fíkniefnalagabrot:

I.

Brot í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa sunnudaginn 17. nóvember 2018, á heimili sínu að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að stjúpssyni sínum, A, kt. [...], og tekið hann hálstaki með þeim afleiðingum að A náði ekki andanum uns móðir A, B, kt. [...], stöðvaði hann. Mál 007-2019- [...]

Telst brot í 1. lið varða 1. mgr. 218. gr. b. og 233. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

II.

Hilmingu, fíkniefna- og vopnalagabrot, með því að hafa sunnudaginn 30. júní 2019 á heimili sínu að [...] í Reykjavík haft í vörslum sínum Cube reiðhjól, haglabyssu og riffil sem ákærði vissi eða mátti vita að væri þýfi og þannig haldið þeim ólöglega fyrir eiganda þess en mununum hafði verið stolið úr innbroti í [...] þann 30. september 2018 og fyrir að hafa sama dag, án skotvopnaleyfis, notað umræddan riffil án nægjanlegrar varúðar og að nauðsynjalaus hleypt af skoti við heimili sitt ásamt því að hafa í vörslum sínum 0,41 g af amfetamíni og 0,78 g af ecstasy (MDMA) sem lögregla fann við leit á heimili hans og lagði hald á. Mál 007-2018- [...] og - 2019- [...].

Telst brot í II. lið varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 12. gr., 1. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998 og 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Einkaréttarkrafa:

Vegna ákæruliðar í I. kafla (mál lögreglu nr. 007-2019-[...]) gerir Leifur Runólfsson, lögmaður þá kröfu fyrir hönd B, kt. [...], er gerir þá kröfu fyrir hönd A, kt. [...], héðan í frá nefndur kröfuhafi, að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa 1.000.000 krónur í skaða- og miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. nóvember 2018 og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að bótakröfu verði hafnað eða hún sæti lækkun. Málsvarnarlauna er krafist samkvæmt tímaskýrslu.

Nú verður rakinn framburður ákærða og vitnisburður fyrir dómi.

Ákæruliður I

Ákærði neitar sök. Hann kvað rifrildi hafa átt sér stað á heimilinu á þessum tíma en engu ofbeldi hefði verið beitt. Hann kvaðst hafa komið inn í eldhúsið og þá hefðu hann, B, þáverandi sambýliskona hans, og stjúpsonurinn A rifist en hann myndi ekki hvernig. Ákærði kvaðst sjálfur eiga [...] börn sem hefðu verið á heimilinu á þessum tíma. Ofbeldi hefði verið beitt í rifrildinu. Spurður um framburð A fyrir dómi og móður hans hjá lögreglu, þar sem þau báru bæði um það að ákærði hefði lagt hendur á A, kvaðst hann telja að skýringarinnar á framburði þáverandi sambýliskonu sinnar væri að leita í því að þau hefðu verið að skilja á þessum tíma og hún hefði þurft húsaskjól og skýringa á vitnisburði hennar væri að leita í þessum aðstæðum. Hún hefði því kært hann fyrir andlegt ofbeldi, eins og ákærði bar. Hann kvað þetta hafa verið sína fyrstu tilfinningu um skýringar á vitnisburði þáverandi sambýliskonu sinnar, þótt hann vissi ekki hvort þetta væri rétt hjá sér. Ákærði kvað ástandið á heimilinu hafa verið vont á þessum tíma og þau sambýlingarnir hefðu bæði verið í neyslu, bæði róandi og örvandi efna, jafnt lyfja sem fíkniefna. Ákærði kvaðst hafa farið til vinnu eftir rifrildið og hann hefði komist að því síðar að C, bróðir sambýliskonu hans, sem hefði búið á heimilinu á þessum tíma, hefði verið heima er þessi atburður átti sér stað.

Vitnið A gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 6. júní 2019. Hann kvaðst hafa verið að borða morgunmat á þeim tíma sem í ákæru greinir og ákærði verði inni í stofu og sagt sér að koma en hann hefði ekki gert það. A kvað ákærða hafa verið veikan á þessum tíma. Móðir hans hefði verið í þvottahúsinu á sama tíma. Ákærði, sem hefði verið reiður, hefði komið inn í eldhúsið, ýtt við sér og tekið sig föstu kyrkingartaki með annarri hendi svo hann gat ekki andað, eins og hann lýsti. Hann kvaðst hafa kallað og móðir hans þá komið og stöðvað þetta.

Vitnið B kvað þau A, son hennar, hafa vaknað snemma þennan dag og ákærði þá ekki verið heima. Auk þeirra hefðu dætur þeirra ákærða og bróðir hennar verið sofandi á heimilinu. Ákærði hefði þá komið heim „útúrdópaður“ og farið rakið inn í stofu. Hún kvað þau bæði hafa verið í neyslu á þessum tíma en hún engin fíkniefni tekið þennan dag, en ákærði sagt sér að hann hefði á þessum tíma verið undir áhrifum LSD. Hún hefði sagt A að fara að fá sér morgunmat þar sem þau voru að fara á [...]. Hún hefði heyrt ákærða kalla á A en hún hefði sagt A að sinna því ekki. Hún hefði þá heyrt ákærða strunsa af stað inn í eldhús, þaðan sem hún heyrði öskur. Er hún hljóp þangað inn hefði ákærði öskrað á A og haldið með báðum höndum utan um háls hans, öskrað á hann og skammað hann og A reynt að losa sig. Hún kvaðst ekki hafa gert sér nákvæma grein fyrir því hversu lengi þetta stóð yfir en nefndi 6–8 sekúndur. Hún hefði reynt að taka ákærða frá A en það hefði ekki tekist strax, en síðan hefði henni tekist að fara á milli ákærða og A og ákærði reynt að komast að A aftur en henni tekist að hindra það og öskra á hann að stoppa. Þau hefðu öskrað hvort á annað uns hann skyndilega hefði rankað við sér og eins og hann hefði áttað sig á því hvað

hann væri að gera, en hún hefði jafnvel talið ákærða hafa verið í geðrofi. Hann hefði eftir þetta strúsað út úr eldhúsinu og inn í stofu. Hún kvaðst hafa verið í áfalli eftir þetta en strax farið og huggað A. Hún hefði ætlað að vekja bróður sinn eftir þetta en ákærði stöðvað hana og rekið þau A út. Henni var greint frá vitnisburði A um að ákærði hefði alltaf verið góður við hann og kvað hún þetta eina skiptið sem svo hefði ekki verið. Hún hefði síðan hringt í bróður sinn og í vin ákærða sem hafði verið edru í nokkur ár og sagt honum frá því sem gerðist og beðið hann að fara á heimilið og athuga með stelpurnar sem hún hefði áhyggjur af. Þá hefði hún heyrt í trúnaðarmanni sínum. Hún kvað bróður sinn hafa hringt og í ljós hefði kom að dæturnar voru hjá honum. Hún kvaðst ekki hafa þorað að kæra málið strax af ástæðum sem hún skýrði og vörðuðu m.a. hættuna sem hún taldi á því að hún missti börnin frá sér. Þau ákærði hefðu slitið samvistir á jóladag þetta ár. Hún hefði ekki ætlað að kæra en afstaða hennar hefði síðan breyst. Hún lýsti áhrifum þessa atburðar á líðan A, m.a. í skóla og fleira. Unnið hefði verið í því að bæta líðan hans síðan.

Vitnið D kvað B hafa hringt í sig og greint sér frá atburðinum sem hér um ræðir og að ákærði hefði tekið A hálstaki. Hann kvaðst ekki vita meira um málið. Hann kvað ákærða og B bæði hafa verið í neyslu á þessum tíma.

Vitnið C kvaðst hafa búið á heimili ákærða og B, systur sinnar á þessum tíma og hann hefði verið sofandi í stofunni er atburðurinn sem um ræðir átti sér stað. Hann lýsti því að dagana eftir atburðinn hefði ástand A verið breytt frá því sem var og ákærði hefði ekki mátt koma nálægt honum og lýsti hann því. Hann hefði ekki séð atburðinn en fengið tvær mismunandi frásagnir frá ákærða og B. Hún hefði sagt ákærða hafa tekið A hálstaki, en ákærði hefði greint honum frá því að hann hefði ekki gert það. Hann kvað B og A hafa verið að fara af heimilinu er hann hann vaknaði og sinnti dætrum B sem þarna voru. Hann lýsti ástandi ákærða þennan dag. Hann hefði ekki séð að það hefði verið betra eða verra en aðra daga á þessum tíma, vegna neyslu hans.

Vitnið E kvaðst hafa þekkt A frá fjögurra ára aldri. Hún kvaðst vera trúnaðarvinkona B. Hún kvaðst hafa orðið vitni að því er ákærði viðurkenndi verknaðinn og að hafa tekið A hálstaki, sem hann sæi eftir, en auk sín hefðu móðir ákærða og B verið viðstaddar þennan fund sem hefði verið 30. desember 2018, á heimili ákærða og B, en fundurinn tengdist sambúðarslitum þeirra ákærða og B. Hún kvað þennan atburð hafa haft mikil áhrif á A og lýsti hún því.

Vitnið F, móðir ákærða, kvaðst hafa setið fund með ákærða, B og E, en fundurinn hefði tengst sambúðarslitum ákærða og B. Hún kvað E hafa á fundinum sakað ákærða um háttsemina sem í þessum ákærulið greinir, en ákærði hefði sagt þvert nei við því og að hann hefði við það tækifæri sagt B vita að hann myndi aldrei leggja hönd á börnin þeirra og B þá sagst vita það.

Niðurstaða ákæruliðar I

Ákærði neitar sök. Vitnið A gaf trúverðuga og skýra skýrslu fyrir dómi um atburðinn sem um ræðir. Vitnið B bar efnislega á sama veg, fyrir utan það að hún kvað ákærða hafa haldið með báðum höndum um háls A. Vitnisburður þeirra A og B er trúverðugur og á sama veg um flest sem átti sér stað. Ákærði bar um ósætti á þessum tíma en neitaði því að hafa beitt ofbeldi. Framburður hans um ástæðu vitnisburðar B er ótrúverðugur en hann bar þó að hann vissi ekki hvort skýringar hans væru réttar. Engin ástæða er til að ætla annað en að vitnið A hafi greint rétt frá atburðum. Að þessu og öðrum gögnum málsins virtum er sannað með trúverðugum vitnisburði A og B og með stoð í vitnisburði D sem B hringdi í eftir atburðinn og greindi honum frá hálstakinu, gegn neitun ákærða, að hann hafi framið háttsemina sem í þessum ákærulið greinir.

Brot ákærða er í ákæru m.a. talið varða við 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Í þeirri lagagrein segir m.a. að það að ógna lífi einhvers á alvarlegan hátt varði refsingu samkvæmt greininni. Að mati dómsins er það að taka barn hálstaki þannig að viðkomandi nái ekki andanum, eins og um ræðir í máli þessu, alvarlegur verknaður sem varðar við framangreint lagaákvæði.

Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa brotið gegn 233. gr. b almennra hegningarlaga en ákvæðið er í kafla almennra hegningarlaga er varðar ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Slíku broti er ekki lýst í ákæru eins og ber að gera, sbr. c lið 1. mgr. 152 gr. laga nr. 88/2208 svo unnt verði að

sakfella fyrir slíkt brot enda verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun er þá sem í ákæru greinir, sbr. 1.mgr. 180. gr. sömu laga.

Brot ákærða samkvæmt þessum ákærulið varðar þannig við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ákæruliður II

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst ekki muna eftir þessum tíma vegna ástands síns. Hann kvaðst ekki hafa byssuleyfi og hafa fengið umráð byssanna og hjólsins sem í ákæru greinir eftir að hafa keypt munina af aðilum sem seldu honum fíkniefni og kvaðst hann hafa litið svo á að hann væri að gera þarfaverk með þeim kaupum, þar sem aðilar eins og þeir sem seldu væru ekki heppilegir umráðamenn skotvopna. Ákærða er gefin að sök hylming eins og lýst er í ákærunni. Hann kvaðst ekki hafa vitað þetta og hann hefði ekki vitað hvaðan þessir munir kæmu.

Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa hleypt skoti úr byssunni, og hann kvaðst ekki hafa snert skotvopnin eftir að hann fékk þau í sínar vörslur, sem hann hefði gert til að forða því að aðilarnir sem seldu honum vopnin hefðu þau undir höndum, eins og rakið var.

Fíkniefnin sem ákærða eru gefnar að sök vörslur á kynni hver sem er að hafa skilið eftir á heimilinu, enda hefði það verið eins og opið hús og fjöldi fólks komið þar og farið og hver sem er hefði getað átt fíkniefnin. Hann hefði ekki vitað af þessum efnum á heimilinu. Þá tók ákærði fram að hann notaði ekki MDMA. Hann lýsti því að iðulega hefði fjöldi fólks í neyslu komið á heimili hans og jafnvel dvalið þar, og lýsti hann þessu.

Ákærði kvaðst hafa keypt bæði reiðhjólin sem lýst er í munaskrá lögreglu en ekki verður ráðið af ákærunni hvort reiðhjólíð ákærða er gefið að sök að hafa haft ólöglega í vörslum sínum.

Við skýrslutöku hjá lögreglu greindi ákærði svo frá að byssurnar hefði hann tekið hjá dópsala, þar sem honum hefði ekki fundist rétt að viðkomandi hefði þær undir höndum. Hann kvaðst hafa læst þær inni í skáp en skotið úr annari byssunni daginn áður niður í grasflöt við heimili sitt. Hann hefði ekki vitað að hjólið hefði verið þýfi. Fyrir dómi kvað hann um misskilning að ræða því hann hefði átt tvö reiðhjól, annað sem hann hefði keypt á Bland og hitt á sama tíma og hjá sömu aðilum og hann keypti skotvopnin hjá. Spurður um skotið kvað hann hugsanlegt að hann hefði með þessum framburði verið að reyna að verja einhvern annan, hann gæti ekki greint frá því hvernig hann hefði hugsað á þessum tíma, en hann myndi ekki eftir þessu, eins og rakið var.

Vitnið G kvaðst hafa verið staddur í garðinum við heimilið er hann heyrði óp og köll á milli húsa, og heyrði síðan skot og eftir það „rignir yfir mig mold,“ eins og vitnið bar. Sambýliskona hans hefði þá komið og spurt hvað væri í gangi og hann sagst að hann vissi það ekki og þau hefðu farið inn eftir þetta. Hann viti ekki hvaðan hljóðið kom en hann hafi heyrt samtöl á ensku og séð mann í garðinum við [...], en hann geti ekki lýst honum.

Vitnið H lögreglumaður kvað hafa verið tilkynnt um sprengingu eða byssuskot í [...]. Nágranni hefði tilkynnt og sagst hafa fengið gras og mold yfir sig í sinn garð. Í garði við [...] hefði verið sár í jarðvegi sem líktist því að vera eftir byssuskot, en enginn hefði verið heima og ekki hefði náðst í húsráðanda. Við skoðun á vettvangi hefðu fundist haglaskot og palletta í garðinum en ekki hefði verið farið í frekari aðgerðir þennan dag. Daginn eftir hefði verið farið aftur að [...] þar sem húsráðandi hefði ekki verið skráður fyrir skotvopnum. Við húsleit sem húsráðandi heimilaði hefðu fundist haglabýssa, riffill, fíkniefni og reiðhjól. Ákærði hefði sagst hafa keypt reiðhjólíð en hún myndi ekki hver frásögnin var um byssurnar. Hún kvað erlendan gest hafa verið í húsínu á þessum tíma.

Vitnið I lögreglumaður lýsti för lögreglu að [...], en vitnið kvaðst hafa fengið upplýsingar um þetta daginn eftir eða 1. júlí. Hann lýsti för í [...]. Ákærði hefði svarað og verið handtekinn og heimilað leit í húsínu. Hann lýsti leitinni; reiðhjól hefði fundist í þvottahúsi og hefði það verið ætlað þýfi. Þá hafi fundist fíkniefni og skotvopn á efri hæðinni og skotvopnin hafi tengst innbroti og grunsemdir vaknað um að skotið hefði verið úr haglabýssunni í garðinum. Hann kvað ákærða lítið hafa viljað tjá sig um skotvopnin.

Vitnið J lögreglumaður lýsti aðkomu sinni að málinu og staðfesti skýrslu sem hún ritaði vegna þess. Hún kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærða.

Í gögnum málsins kemur fram að tvö Cube-reiðhjól hafi verið á heimili ákærða er lögregla leitaði þar. Í upplýsingaskýrslunni sem vitnið ritaði er eins reiðhjóls getið og kvað hún það hafa verið reiðhjólið sem hefði haft tiltekið raðnúmer og skýrsla sín ætti við það reiðhjól. Hún kvað raðnúmer af reiðhjóli sem hefði verið stolið hafa verið borið saman við annað reiðhjólið á heimili ákærða og hefði það reynst vera sama hjólið.

Vitnið K kvaðst þekkja ákærða og hafa komið á heimili hans og hann hefði m.a. komið þangað 30. júní 2019. Hann kvaðst hafa séð ákærða og L, erlendan mann sem hann hafði hitt áður, ganga úti í garði við heimili ákærða og á móts við stað þar sem peningaskápur var í garðinum. Þar hafi L haldið á haglabyssu og skotið úr henni til jarðar við hlið peningaskápsins. Hann kvað sér hafa brugðið við þetta og komið sér burt. Hann kvað ákærða hafa beðið sig að vitna í málinu og hann hefði í fyrstu verið fráhverfur því en síðan látið til leiðast. Fram hefði komið hjá ákærða að hann myndi nánast ekkert eftir atburðinum sem um ræðir.

Vitnið M lögreglumaður kom á vettvang á heimili ákærða eftir að tilkynning barst um skothvell þaðan. Hún lýsti komu lögreglunnar á vettvang og hvernig sýnilegt var að skoti hefði verið hleypt af ofan í grassvörðinn. Hún lýsti því að erlendur maður hefði komið og rætt við lögregluna og þessi maður hefði sagst hafa sofði í húsinu á þessum tíma en ekkert heyrt. Hún kvaðst ekki hafa hitt ákærða á vettvangi.

Vitnið N kvaðst hafa heyrt hvell á þeim tíma sem í þessum ákærulið greinir. Hún hefði vitað af tveimur eða þremur mönnum í garðinum við [...] á þessum tíma. Hún gat ekki borið frekar um málavexti.

Niðurstaða ákæruliðar II

Ákærði kvaðst hafa keypt reiðhjólið og byssurnar eins og rakið var og að hann hefði ekki vitað að um þýfi hefði verið að ræða. Gegn neitun ákærða er þetta ósannað og ber því að sýkna ákærða af hylmingu.

Ákærða er gefið að sök að hafa notað riffil eins og lýst er í ákærinni. Af öllum gögnum málsins er ljóst að átt er við haglabyssu en þetta kemur ekki að sök eins og á stendur. Ákærði neitar sök en fram kom hjá honum að hann myndi þetta illa. Vitnið G heyrði samtöl á ensku og sá mann í garðinum við [...] á þessum tíma en sagðist ekki geta lýst honum. Vitnið K lýsti því að hafa séð L skjóta úr haglabyssu til jarðar. Samkvæmt gögnum málsins dvaldi maður þessi á heimili ákærða á þessum tíma. Ákærði bar hjá lögreglu að hafa skotið úr byssu við heimili sitt en gaf fyrir dómi skýringar á þeim framburði, eins og rakið var. Þótt framburður ákærða sé ótrúverðugur um sumt, enda man hann atburði illa eins og rakið var, er að mati dómsins ekki unnt að leggja framburð hans hjá lögreglunni til grundvallar niðurstöðunni, gegn neitun hans fyrir dómi, enda bar vitnið K um að annar maður hefði skotið út byssunni og væri sá af erlendu bergi brotinn. Þessi vitnisburður fær stoð í vitnisburði G sem heyrði samtöl á ensku í garði ákærða á þessum tíma. Að þessu virtu og gegn neitun ákærða er ósannað að hann hafi hleypt af skoti við heimili sitt á þessum tíma og er hann sýknaður af þeim hluta ákærunnar.

Ákærði neitar því að hafa vitað af fíkniefnunum sem fundust á heimili hans. Hann kvað hvern sem er hafa getið skilið þau þar eftir enda hefði heimilið verið eins og opið hús og fjöldi fólks í neyslu vanið komur sínar þangað. Framburður ákærða um þetta hefur ekki verið hrakinn. Ekkert tengir ákærða beint við fíkniefnin eða rennir stoðum undir það að hann hafi vitað af þeim. Samkvæmt þessu er ásetningur ósannaður gegn neitun ákærða og er hann sýknaður af þessum hluta ákæruliðarins.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot og þykir refsing hans hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvo mánuði sem skilorðsbinda skal eins og í dómsorði greinir.

Lagaskilyrði eru til að dæma upptökukröfuna þótt ákærði hafi verið sýknaður af fíkniefnalagabroti. Upptæk eru dæmd 0,41 g af amfetamíni og 0,78 g af MDMA.

A á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykja miskabæturnar hæfilega ákvarðaðar 400.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir

reiknast frá 22. september 2019 er mánuður var liðinn frá því að ákærða var birt bótakrafan. Þá greiði ákærði 344.100 króna réttargæsluþóknun Leifs Runólfssonar lögmanns, skipaðs réttargæslumanns A.

Ákærði greiði 66.900 króna málsvarnarlaun Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns vegna vinnu undir rannsókn ákæruliðar I.

Ákærði greiði helming 837.310 króna málsvarnarlauna Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns á móti helmingi sem greiðist úr ríkissjóði.

Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir ákærvaldið.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Upptæk eru dæmd 0,41 g af amfetamíni og 0,78 g af MDMA.

Ákærði greiði A, kt. [...], 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. nóvember 2018 til 22. september 2019 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði 344.100 króna réttargæsluþóknun Leifs Runólfssonar lögmanns.

Ákærði greiði 66.900 króna málsvarnarlaun Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns.

Ákærði greiði helming 837.310 króna málsvarnarlauna Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns á móti helmingi sem greiðist úr ríkissjóði.